

SJÓVÁ

Sími: 436 1617 & 893 5445
Netfang: kristjanah@sjova.is

Bæjarblaðið

JÖKULL

843. tbl - 18. árg.

6. september 2018



Andarnefja í vandræðum

Á síðasta föstudag sást til hvals í Ólafsvíkurhöfn á svamli og töldu flestir að þar væri hrefna á ferð. Daginn eftir rak svo andarnefju á land í Ólafsvík og kom hún sér í vandræði við klettana við félagsheimilið Klif. Talið er að það sé þó samt sami hvalur og sást á svamli daginn áður. Náði andarnefjan að snúa sér við og synda vestur eftir grjótagarðinum þó hún væri líklega særð. Kallaði lögreglan björgunarsveitina Lífsbjörgu út til að koma andarnefjunni til bjargar og draga hana út á dýpri sjó. Ekki er vitað nánar um afdrif hvalsins en björgunarsveitin hefur nokkrum sinnum verið kölluð út til aðstoðar hvölum undanfarið.

þa



Bifreiðaverkstæði Ægis.
Rífl. S-4366677

Betra fyrir bílinn



**FISKMARKAÐUR
ÍSLANDS**

Sími: 430 3700
www.fmis.is



www.steinprent.is

STÓRDANSLEIKUR



**REGÍNA ÓSK
SELMA BJÖRNS**

TOMMI TOMM & HLJÓMSVEIT

KLIFI ÓLAFSVÍK · LAUGARDAGINN 8. SEPTEMBER

MÍÐAVERÐ KR. 3.000 - ALDURSTAKMARK 10 ÁR
HÓSIÐ ÖPNAR KL. 23:30 - 03:00

PROMO

Víkingur enn í baráttu um sæti í Pepsi

Víkingur á enn von um að komst upp í efstu deild karla í knattspyrnu en þeir unnu verðskuldaðan sigur á Þór Akureyri á síðasta sunnudag. Strax í byrjun leiks sóttu heimamenn nokkuð stíft og voru mun sterkari í leiknum. Brotið var á Sasha Litwin í vitateig Þórsara og dæmd vítaspyrna. Það var Gonzalo Zamorano skoraði af miklu öryggi af punktinum og staðan orðin 1 - 0. Aron Birkir Stefánsson markvörður Þórs varð vel í næstu sókn frá Kwame Quee sem komst í dauðafæri, leikurinn var rólegur það sem

eftir lifði hálfleiks og staðan því enn 1 - 0 í hálfleik. Í upphafi seinnihálfleiks færðist fjör í leikinn þegar Þórsarar klúðruðu dauðafæri og heimamenn fengu líka nokkur ágætisfæri. Heimamenn hefðu svo átt að gera út um leikinn eftir um það bil klukkustundar leik. Gonzalo var einn á mótí Aroni markverði eftir að hafa fengið sendingu inn fyrir vörnina, reyndi hann að vippa boltanum yfir Aron en það mistókst. Kwame slapp svo stuttu seinna einn í geng og lék á Aron en fór of utarlega og boltinn lenti í hliðarnetinu. Víkingar juku svo

á forskot sitt þegar Gonzalo fékk góða sendingu og skoraði einn á mótí Aroni markverði. Staðan því orðin vænleg fyrir Víking 2 - 0 og urðu það lokatölur leiksins. Með sigri þessum fór Víkingur í þriðja sæti deildarinnar og eru með 38 stig, fjórum stigum á eftir HK sem eru í öðru sæti deildarinnar

og fimm stigum á eftir ÍA. Þrjár umferðir eru eftir og vonin því enn til staðar hjá Víking að enda í öðru af tveimur efstu sætum og spila í Pepsi deildinni að ári. Næsta viðureign Víkings er sannkallaður Vesturlandslagur en þá mæta þeir ÍA á Akranesi, næsta laugardag. *pa*



- Almennar bílaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Dekkjaskipti og viðgerðir
- Rúðuskipti
- Stjórnu viðgerðir á framrúðu
- Tölvulestur

S: 438-6933 - kbbilav@simnet.is - Sólvellir 5 - Grundarfjörður
Opnunartími 8-12 og 13-17 - Verið velkomin

Bæjarblaðið



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og dreift á hvert heimili í Snæfellsbæ og Grundarfirði. Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 1.100

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.

Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617



SNÆFELLSBÆR

þar sem jökullinn ber við loft...

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar FUNDARBOÐ - 311. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 6. sept. 2018 og hefst hann í **Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00**

Dagskrá bæjarstjórnarfundarinnar:

- 1) Málefni Áttthagastofu. Heimir Berg, markaðs- og kynningarfulltrúi Snæfellsbæjar mætir á fundinn.
- 2) Fundargerðir 297., 298., 299 og 300. fundar bæjarráðs Snæfellsbæjar, dags. 28. júní, 12. júlí, 26. júlí og 23. ágúst 2018.
- 3) Fundargerð 117. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 30. ágúst 2018.
- 4) Fundargerð landbúnaðar- og fjallskilanevndar, dags. 21. ágúst 2018.
- 5) Reglur Snæfellsbæjar varðandi nemendur sem óska eftir að stunda tónlistarnám utan lögheimilis- sveitarfélags.
- 6) Bréf frá umhverfis- og skipulagsnefnd, dags. 30. ágúst 2018, varðandi fund með bæjarstjórn.
- 7) Bréf frá Írisi Ósk Jóhannsdóttur, ódags., varðandi nám við Tónlistarskóla Akranessi.
- 8) Umsókn Lísu Daggar Davíðsdóttur, dags. 27. ágúst 2018, um leyfi til náms samhliða starfi.
- 9) Bréf frá Eggerti Arnari Bjarnasyni, dags. 31. ágúst 2018, varðandi úrsögn úr hafnarstjórn og lausn frá starfi sem varabæjarfulltrúi í bæjarstjórn Snæfellsbæjar.
- 10) Bréf frá Dögg Mósesdóttur, dags. 24. ágúst 2018, varðandi ósk um styrk vegna Northern Wave kvikmyndahátíðarinnar þann 26. – 28. október n.k.
- 11) Minnisblað bæjarstjóra, dags. 4. september 2018, varðandi eftirlitsmyndavélar.
- 12) Erindisbréf öldungaráðs Snæfellsbæjar.
- 13) Bréf frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, dags. 22. ágúst 2018, varðandi aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni og ofbeldishegðum í íþrótt- og æskulýsstarfi.
- 14) Bréf frá Orkusjóði, dags. 3. september 2018, varðandi styrk vegna varmadælu við Ráðhús Snæfellsbæjar.
- 15) Bréf frá SSV, dags. 28. ágúst 2018, varðandi haustþing SSV 2018.
- 16) Bréf frá Þjóðskrá Íslands, dags. 27. ágúst 2018, varðandi fasteignamat 2019.
- 17) Bréf frá Þjóðskjalasafni Íslands, dags. 16. ágúst 2018, varðandi skjalavörslu og skjalastjórn afhendingarskyldra aðila í kjölfar nýrra laga um persónuvernd og miðlun persónuupplýsinga.
- 18) Bréf frá Umhverfisstofnun, dags. 30. ágúst 2018, varðandi tillögur/áætlanir sveitarstjórna um úrbætur í fráveitumálum.
- 19) Tillaga frá J-listanum, dags. 3. sept. 2018, varðandi starf innheimtufulltrúa RARIK í Snæfellsbæ.
- 20) Tillaga frá J-listanum, dags. 3. sept. 2018, varðandi hækkun á viðmiðunartekjum elli- og örorkulífeyrisþega í Snæfellsbæ.
- 21) Tillaga frá J-listanum, dags. 3. sept. 2018, varðandi íþróttastyrk til foreldra barna sem stunda íþróttir á vegum íþróttafélaganna í Snæfellsbæ.
- 22) Tillaga frá J-listanum, dags. 3. sept. 2018, varðandi árlega íbúafundi.
- 23) Tillaga frá J-listanum, dags. 3. sept. 2018, varðandi ærslabelgi í Ólafsvík og á Hellissandi.
- 24) Tillaga frá D-listanum, dags. 28. ágúst 2018, varðandi vélavinnu í Ólafsvík.
- 25) Minnisþingur bæjarstjóra.

Snæfellsbæ, 4. september 2018
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

Fjölmenningarhátíð 2018

Fjölmenningarhátíð 2018 verður haldin 20. október í Frystiklefanum í Rífi. Hátíðin er orðin árlegur viðburður og hefur tekist ljómandi vel.

Undirbúningsfundur verður haldinn í Áttthagstofu Snæfellsbæjar 6. september, kl. 18:00.

Gaman væri að sjá sem flesta til að gera þessa hátíð ennþá skemmtilegri og fjölbreyttari



Festiwal międzynarodowy 2018 będzie obchodzony 20 października we Frystiklefinn Rífi. Uroczystość stała się wydarzeniem corocznym i poprzednia ufała się naprawdę znakomicie. Spotkanie dla zainteresowanych (przy zupie) odbędzie się 6 września o godz. 18:00 w pomieszczeniu Áttthagstofa Snæfellsbæjar. Byłoby miło zobaczyć jak najwięcej uczestników, aby nadchodząca uroczystość była jeszcze przyjemniejsza i bardziej zróżnicowana.



Multi Culture Festival in the Freezer Rif, October 20th. Everyone is invited to participate in the preparation. Come to Áttthagstofa Snæfellsbæjar 6th of September from 6pm and tell us what you think is a brilliant idea to make at the Festival.



Kvennaþing slysavarnadeilda haldið í Snæfellsbæ

Kvennaþing slysavarnadeilda verður haldið í Snæfellsbæ dagana 7. - 9. september.

Undirbúning hófst í maí 2017, 37 slysavarnadeildir eru innan Slysavarnafélagsins Landsbjargar (SL) og eru konur frá 22 deildum skráðar á þingið eða alls um 210. Sigrún Ólafsdóttir tók að sér að vera þingforseti og hefur stýrt undirbúningnum ásamt þingnefndinni sem skipuð er formönnum slysavarnadeildanna og undirbúningsnefnda þingsins. Þing sem þessi eru haldin á tveggja ára fresti víðs vegar um landið. Þingið sem haldið er

af Slysavarnadeildunum Helgu Bárðard. (Hellissandi) og Sumargjöf (Ólafsvík) hefst á föstudaginn nk. með móttöku í boði Snæfellsbæjar í Björgunarsveitahúsinu Von á Rífi. Á laugardeginum verður þingið sjálft í þar sem fyrirlesarar verða með erindi og vinnusmiðjur. Endum við síðan á lokahófi í félagsheimilinu Klif þar sem Regína og Selma Björns ásamt hljómsveit Tomma Tomm sér um fjörið. Dansleikurinn er öllum opinn (18 ára og eldri) eftir kl. 23:00 og er fjáröflun fyrir slysavarnadeildirnar. Þema þingsins í ár er ABBA. Við

slysavarnarkonur í Snæfellsbæ vonum að þið takið vel á móti hressum konum því að við

leggjum mikið upp úr því að þær njóti sín í okkar heimabæ og komi aftur sem fyrst.

Skilafrestur í Jökul

Efni og auglýsingum í Jökul þarf að skila fyrir kl. 16, þriðjudag fyrir útgáfu.

Það er í lagi að skila fyrr.

Upplýsingar um auglýsingaverð á www.steinprent.is



Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199



Sandholt 22, Ólafsvík steinprent@simnet.is
S: 436 1617 · www.steinprent.is

Blómsturvellir 50 ára

Þann 9. september næstkomandi fagnar Verslunin Blómsturvellir 50 ára starfsafmæli.

Af því tilefni bjóðum við til afmælisveislu laugardaginn 8. september milli kl 13 og 17

20% afsláttur af ALLRI vöru nema heimilistækjum!

Hlökkum til að sjá ykkur Íris, Óttar, Júniana og Súsanna.



BLÓMSTURVELLIR
Hellissandi - sími: 436 6655

Aflabrögð

Nýtt fiskveiðiár hófst þann 1. september og eru margir af stærri bátunum farnir að róa aftur eftir sumarfrí. Að sama skapi hefur minni bátum fækkað enda kláraðist strandveiðitímabilið 31. ágúst.

Tímabilið 27. ágúst til 2. september komu alls 382.425 tonn á land í höfnum Snæfellsbæjar í 83 löndunum. Í Ólafsvíkuvík komu á land 124.428 tonn í 45 löndunum, í Rifshöfn

241.190 tonn í 26 löndunum og á Arnarstapa 16.807 tonn í 12 löndunum.

Hjá dragnótabátunum landaði Rífsari SH 30 tonnum í 1, Guðmundur Jensson SH 25 tonnum í 3, Magnús SH 21 tonni í 3, Esjar SH 17 tonnum í 1 og Steinunn SH 9 tonnum í 1 löndun.

Í Ólafsvík lönduðu 10 handfærabátar 8 tonnum í 11 löndunum, í Rifshöfn 15 bátar 8 tonnum í 15 löndunum og á

Arnarstapa 5 bátar 5 tonnum í 9 löndunum.

Vel veiðist enn hjá makríl-bátunum og landaði Júlli Páls 19 tonnum í 4, Brynja SH 17 tonnum í 5, Tryggvi Eðvarðs SH 12 tonnum í 5, Álfur SH 8 tonnum í 4, Vísir SH 5 tonnum í 3, Rán SH 4 tonnum í 3, Ingibjörg SH 3 tonnum í 1 og Gosi KE 2 tonnum í 2 löndunum.

Hjá litlu línubátunum landaði Stakkhamar SH 18 tonnum í 2

og Þorsteinn SH 14 tonnum í 4 löndunum.

Hjá stóru línubátunum landaði Tjaldur SH 54 tonnum í 1, Rífsnes SH 48 tonnum í 1 og Örvar SH 42 tonnum í 1 löndun.

Einungis einn bátur á netum landaði Bárður SH og landaði hann 2 tonnum í 1 löndun á Skötuselsnetum og 10 tonnum í 2 löndunum í Þorskfisknet.

pa



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátaþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður